

Nd. **301. Frumvarp til laga** [150. mál]
um breyting á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera vélstjóri á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazzt hefur skirteini það, sem ræðir um í 32. gr.

2. gr.

Upphaf 32. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazzt vélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazzt hefur skirteini það, sem ræðir um í 34. gr.

4. gr.

1. Upphaf 34. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazzt yfirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem:

a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 100 hestafla vél í 24 mánuði, eða vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi með yfir 15 hestafla vél í 24 mánuði.

2. Aftan við 34. gr. bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Hver sá, sem réttindi hefur til að vera undir- eða yfirvélstjóri á mótorskipi með allt að 400 hestafla vél, skal og hafa sömu réttindi til vélstjórnar við vél, sem stærri kann að vera, ef um er að ræða vélstjórn á fiskiskipi, sem er 100 rúmlestir að stærð eða minna.

5. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem öðlazzt hefur skirteini það, sem um ræðir í 36. gr.

6. gr.

Upphaf 36. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazzt undirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

a. hefur staðizt hið meira mótórvélstjórapróf Fiskifélags Íslands;

b. hefur siglt sem yfirvélstjóri á skipi með yfir 100 hestafla vél í 24 mánuði.

7. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 38. gr.

8. gr.

Upphaf 38. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazzt yfirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði, eftir að hafa öðlazzt skirteini það, sem ræðir um í 36. gr.

9. gr.

Fyrir „600“ í 39. gr. laganna komi: 900.

10. gr.

Fyrir „600“ í 40. gr. laganna komi: 900.

11. gr.

Fyrir „600“ í 41. gr. laganna komi: 900.

12. gr.

Fyrir „600“ í fyrsta málsl. 42. gr. laganna komi: 900.

13. gr.

Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa vélstjóraskírteini eða prófskírteini frá mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, skulu eiga rétt á að fá útgefin ný vélstjóraskírteini í samræmi við ákvæði þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að þróun fiskiskipaflotans hefur verið og er sú, að sífellt eru tekin í notkun stærri veiðiskip en áður tíðkuðust, og einkum og sér í lagi fer véla-kostur skipanna hratt vaxandi.

Réttindi skipstjórnarmanna og vélstjóra voru á sínum tíma bundin við þá skipa- og vélastærð, sem þá tíðkaðist, og hefur öðru hverju orðið að breyta kröfum þeim og réttindum, sem lög um atvinnu við siglingar ákveða varðandi menn þessa, til samræmis við hinar breyttu aðstæður.

Þannig var t. d. á síðasta þingi ákveðið með lögum að hækka réttindi skipstjórnarmanna bátaflotans og breyta að nokkru til um kennsluskipan í sjómannafræðum.

Hins vegar liggur enn eftir sá hluturinn, sem varðar vélstjórana, en í þeim efnum hefur ekki síður myndast breitt bil milli gildandi lagaákvæða og þeirrar framkvæmdar, sem nauðsynin kallar á. Fjöldi vélstjóra er nú að störfum á fiskiflotanum í banni gildandi laga, og enginn maður lætur sér til hugar koma, að framkvæmanlegt væri né hyggilegt að beita gildandi lagaákvæðum gegn þeim og víkja þeim frá störfum, enda mundi slíkt hafa í för með sér stórkostlegt framleiðslutap fyrir þjóðina.

Efni þessa frumvarps er það að færa réttindi þeirra vélstjóra, sem starfsmenntun sína hafa fengið á mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, en það eru langflestir vélstjóranna á fiskibátaflotanum, að sem mestu leyti til samræmis við það, sem nú er í framkvæmd og fyrirsjáanlega verður. Þegar hin 12 nýju fiskiskip, sem væntanleg eru til landsins á yfirstandandi ári, koma, en aflvélar þeirra munu vera rösklega 800 hestöfl að stærð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þessum aðalbreytingum frá gildandi lögum:

1. Réttindi þeirra vélstjóra, sem nú mega stjórna 50 hestafla vélum, hækki í 100 hestöfl.
2. Réttindi þeirra vélstjóra, sem nú mega stjórna 250 hestafla vélum, hækki í 400 hestöfl og verði þó ekki fastar bundin við hestaflatölu vélarinnar en svo, að þeir megi jafnan vera vélstjórar á allt að 100 rúmlesta fiskibátum, þótt hestaflatala vélarinnar fari yfir það takmark.
3. Réttindi þeirra manna, sem lokið hafa prófi frá hinu meira mótornámskeiði Fiskifélags Íslands, verði hækkuð upp í það að ná til 900 hestafla véla, en þau réttindi eru nú bundin við 600 hestafla vélar að hámarki.
4. Að því leyti sem réttindin eru bundin við starfstíma, þá er sú krafa hér tvöfölduð, þannig að 24 mánaða starfstíma er krafist, auk prófs, sem skilyrðis fyrir yfirvélstjóraréttindum bæði á 100—400 hestafla stiginu og 400—900 hestafla stiginu svo og að því er varðar undirvélstjóraréttindi á 400—900 hestafla stiginu. Hins vegar eru ekki gerðar tillögur um aukið nám á skólabekk sem skilyrði fyrir þeirri réttindaaukningu, sem frumvarpið felur í sér.

Varðandi vélstjóranámið almennt mun það flestum ljóst, sem til þekkja, að á það vantar allt heildarskipulag. Einkum er það tilfinnanlegur ágalli, hve hinir ýmsu þættir þess eru slitnir úr tengslum hver við annan. Sá, sem lokið hefur námi við bæði minna og meira mótornámskeið Fiskifélagsins og auk þess aflað sér reynslu í starfi, kemst ekki inn í vélstjóraskólann nema byrja til þess undirbúningsnám

frá rótum og þá helzt sem iðnnemi eða aðstoðarmaður í smiðju. Á sama hátt er leið þeirra manna, sem lokið hafa námi í vélskólanum og rafmagnsdeild hans að auki, lokuð til æðra vélfræðináms, nema þeir setjist inn í menntaskóla og reki sig þá leið til háskólanáms.

Þótt of lengi hafi dregizt að færa námskerfið í það horf, að numin fræði og fengin reynsla geti haldið óslitið áfram stig af stigi, og skapa á þann hátt viðkomandi mönnum tækifæri til að auka menntun sína og öðlast réttindi í starfinu í samræmi við þekkingu sína og dugnað, eru hér ekki gerðar tillögur um það efni. Það er líka margfalt vandasamara verk að skipuleggja svo mikilvægan þátt námskerfisins sem vélfræðimenntunin er á þeirri öld vélameningar, sem nú er risin, en svo, að það verði gert nema af þar til kvöddum opinberum aðilum, enda mun nú að þessu unnið á þann veg.

Hitt er augljóst mál, að þeir menn, sem þegar hafa aflað sér þeirrar vélstjórmenntunar, sem þjóðfélagið hefur ætlað vélstjórum fiskibátaflotans, og búnir eru að vinna í því starfi árum saman, verða ekki með neinni sanngirni settir frá atvinnu sinni fyrir það eitt, að löggjafinn hefur orðið seinni til að breyta fræðsluháttum og réttindalögum en þróun tímanna krafðist.

Það er ekki heldur sæmandi að láta menn, sem vinna jafnþjóðnýt störf og vélstjórar fiskiflotans gera, vera sýknt og heilagt bónbjargamenn um það, hvort þeir fái að gegna eðlilegu starfi sínu, sem aðrir menn rétthærri eru ófánlegir til að sinna.

Með frumvarpi þessu er gerð tilraun til að létta af því undanþáguflóði, sem nú er og framvegis hlýtur að verða í þessari grein að óbreyttum lögum.

Hér er því miðað að því tvennu að veita vélstjórarmönnum varanlegt starfsöryggi við störf, sem þeir hvort eð er hljóta að leysa af hendi, og að létta af þeirri alóþörfu, en þrotlausu skriffinnsku, sem undanþágubeiðnir og undanþágur vélstjóra nú eru.